



Ísafirði 3. september 2018

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Til þeirra er málið varðar.

Erindið varðar uppsetningu ærslabelgs á Eyrartúni og viljum við íbúar í nærliggjandi húsum vekja athygli bæjaryfirvalda á nokkrum atriðum varðandi þessa framkvæmd og áhrifa sem hún mun hafa fyrir íbúa þessara húsa.

Rétt er að taka fram að það er mjög jákvætt að hverfisráð láti til sín taka og fái tækifæri til að bæta og efla mannlíf í sínu nærumhverfi en það þarf að sýna fyrirhyggju varðandi allar framkvæmdir og leita álits þeirra sem hugsanlega verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Í sveitarfélögum landsins er leiktækjum sem þessum almennt fundinn staður á opnum svæðum og í góðri fjarlægð frá íbúðarhúsum.

Varðandi uppsetningu ærslabelgs þá hefur íbúum íbúða við Túngötu 12 og Eyrargötu 3 ekki verið tilkynnt um fyrirhugaða uppsetningu leiktækisins á þessum stað, engar upplýsingar eru um opnunartíma og engin grenndarkynning hefur átt sér stað. Íbúar hafa því ekki fengið nein tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Einungis eru um 25 metrar frá umræddu leiktæki að svefnherbergjum og stofum íbúðanna sem næst liggja. Hljóð berst best skáhallt uppávið svo það má öllum vera ljóst að leiktæki sem þetta mun hafa verulegt ónæði í för með sér fyrir íbúa þessara húsa og rýra bæði þeirra lífsgæði og mögulega verðmæti eigna.

Það er ósk okkar, íbúa þessara húsa, að framkvæmdir verði stöðvaðar þar til gerð hefur verið betri grein fyrir framkvæmdinni og leiktækinu jafnvel fundin heppilegri staðsetning.

Fyrir hönd íbúa Túngötu 12 og Eyrargötu 3

  
Jón Ottó Gunnarsson

  
Sigurður Jóhann Erlingsson

  
Smári Karlsson